

Reykjavík, 30. júlí 2020

Efni: Söfn

Þar sem fjöldatakmörkanir verða hertar 31. júlí 2020 og miðast við 100 fullorðna, börn fædd 2005 og seinna teljast ekki með, og að 2 metra reglan verður aftur tekin í gildi, verða breytingar á aðgengi í söfnum.

Í minnisblaði sóttvarnalæknis kemur meðal annars fram:

„Söfn, skemmtistaðir og aðrir opinberir staðir geri hlé á starfsemi sé ekki hægt að tryggja að farið sé eftir fjöldatakmörkun eða að bil milli ótengdra aðila sé yfir 2 metrum.“

Ef ekki er hægt að tryggja 2 metra regluna og fjöldatakmörkin í samræmi við stærð rýmis skal gera hlé á starfseminni.

Þrif og sóttþreinsun

Sé hægt að halda safninu opnu er nauðsynlegt að yfirfara vel almenn þrif og bæta úr eftir þörfum í fjölförnum rýmum. Huga þarf vel að reglubundnum sértækum þrifum í sameiginlegum rýmum starfsmanna t.d. í kaffistofum, á borðum og öðrum snertiflötum.

Mikilvægt er að aðgengi að handspritti sé tryggt við innganga og í grennd við snertifleti t.d. snertiskjái. Við hvetjum alla til að fylgjast vel með leiðbeiningum sem koma frá landlækni og heilbrigðisfólki varðandi sóttvarnir, almenna umgengni og þrif þ.e.:

- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt.
- Forðast snertingu við augu, nef og munn.
- Ef notaðir eru hanskar þarf að skipta oft um þá og hreinsa hendur fyrir og eftir hanskanotkun.
- Hugið vel að yfirborðsflötum t.d. hurðarhúnum, handriðum, lyftuhnöppum, snertiskjám, greiðsluposum og ljósarafum.
- Ákjósanlegt er að einn starfsmaður noti eina starfsstöð heila vakt og hreinsi helstu snertifleti áður en annar tekur við starfsstöðinni.
- Minna gesti safna á handhreinsun og tveggja metra regluna með skiltum og merkingum við afgreiðsluborð og sjálfsafgreiðslustöðvar.
- Sleppa handaböndum og faðmlögum og heilsa fremur með brosi.

Á bókasöfnum er þar að auki æskilegt að huga að:

- Veiran lifir skemur á pappír en plasti.
- Bækur og plastaðar tímaritskápur er rétt að sóttþreinsa að utanverðu ef kostur er áður en gengið er frá þeim í hillur.
- Ekki þarf að hreinsa innri síður.
- Draga úr fjölda gesta í bókasafni hverju sinni, t.d. með því að hafa tímamörk á notkun tölva ef þær eru til almenningsnotkunar.
- Ekki hafa í boði leikföng, dagblöð eða tímarit til að lesa á staðnum.

Á <https://www.covid.is/veggspjöld> má finna nytsamleg veggspjöld sem við hvetjum ykkur til að prenta út og hengja upp á viðeigandi stöðum.

Mikilvægt er að við virðum samfélagssáttmálann því við erum öll almannavarnir!